

**Nd.**

**690. Frumvarp til laga**

[161. mál]

um lán til hraðfrystihúsa og um afnám laga nr. 38 1948 um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Lög nr. 38 5. apríl 1948, um breyting á lögum nr. 81 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum eru felld úr gildi.

2. gr.

Helmingi þeirra tekna, sem renna í Fiskveiðasjóð Íslands vegna ákvæða 1. gr. á árunum 1951—55, skal þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34 1943 lánað gegn síðari veðrétti til hraðfrystihúsa, sem byggð eða endurbyggð hafa verið á tímabilinu frá 31. des. 1945 til 31. des. 1949 og eigi hafa fengið lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Til hvers hraðfrystihúss má þó ekki lána hærri upphæð en 25% af stofnkostnaði þess, og ekki hærri en svo, að áhvilandi lán samtals fari ekki fram úr 75% af stofnkostnaði.

3. gr.

Til lánveitinga samkvæmt 2. gr. er Fiskveiðasjóði Íslands heimilt að taka allt að 5 millj. kr. bráðabirgðalán, sem ríkissjóður ábyrgist, en endurgreiðist ásamt vöxtum af útflutningsgjaldi því, er lána skal samkv. sömu grein, jafnóðum og það er greitt til sjóðsins.

4. gr.

Lán samkvæmt 2. gr. endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Fyrstu fimm árin eru þau vaxtalaus, en eftir þann tíma eru vextir 4% á ári.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.